

38. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um endurskoðun nýju sálmabókarinnar.

1869.
28. apríl.

Með bréfi dagsettu 11. marzmán. þ. á. hafð þér, háæru-verðugi herra, skýrt frá, að endurskoðun sú á hinni íslenzku evangelisk-kristilegu sálmabók, sem síra Ólafi Pálssyni, prófasti og dómkirkjupresti, og síra Stefáni Thórarensen, sóknarpresti að Kálfatjörn, hefir verið falin á hendur undir umsjón og með aðstoð yðar, sè nú leidd til lykta, og að handritið sè búið undir prentun, og hafð þér þar að auki farið þess á leit, að það megi inn leiða þessa endurskoðuðu, íslenzku evangelisk-kristilegu sálmabók og hafa hana við hina opinberu guðshjónustugjörð.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið leyfir hær með, að þessi endurskoðaða sálmabók verði inn leidd og notuð við hina opinberu guðshjónustugjörð alstaðar á Íslandi, þar sem presti og söfnuði kemur saman um það.

39. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgun fyrir að semja verðlagsskrár fyrir vesturamtíð.

5. maí.

Eptir áskorun dómsmálastjórnarinnar hafð þér, herra amtmáður, látið í ljósi í bréfi dagsettu 15. febrúarmán. þ. á. álit yðar um, hversu mikla þóknun væri hæfilegt að veita prófastinum, sem nú er í Snæfellsnessýslu, síra Sveini Nielssyni, sóknarpresti að Staðarstað, fyrir hlutdeild hans í að semja hinar árlegu verðlagsskrár fyrir vesturamtíð, og hafð þér getið þess um það efni, að þóknun þessi hafi hingað til verið misjöfn, eptir því hversu langt hafi verið á milli skrifstofu amtsins og bústaðar prófastsins, og leikið á milli 15 og 35 rd., en að því er snertir síra Svein Nielsson, þá megi hún ekki vera minni en 25 rd., því að til ferðarinnar fram og aptur milli Staðarstaðar og Stykkis-

1869.

5. maí.

hólms og verunnar í Stykkishólmi muni æfinlega ganga að minnsta kosti 7 dagar, og ef að í hvert skipti ætti að borga honum hæfilega fæðispeninga og ferðakostnað samkvæmt reikningi, þá mundi þóknunin fara fram úr þessari upphæð. Jafnframt og þér, herra amtmaður, þess vegna hafið lagt til með, að síra Sveini Níelssyni framvegis verði veitt 25 rd. þóknun á ári fyrir þenna starfa, meðan hann er búandi á Staðarstað, hafið þér enn fremur sókt um samþykki stjórnarráðsins til þess, að þér árin 1867 og 1868 hafið borgað honum sömu upphæð úr jafnaðarsjóði amtsins fyrir hlutdeild hans í að semja verðlags-skrárnar fyrir þau árin.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið samþykkir hér með útborgun þá, sem hefir átt sér stað árin 1867 og 1868 í þessu skyni, eins og stjórnarráðið líka fellst á, að síra Sveini prófasti Níelssyni verði framvegis veitt 25 rd. þóknun á ári fyrir ómak hans og kostnað útaf þessum starfa, á meðan hann er búandi á Staðarstað og skrifstofa amtsins er í Stykkishólmi.

12. maí.

40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um bann gegn því að veiða lunda í net á Vestmannaeyjum.

Útaf skýrslum þeim, sem fengnar höfðu verið frá Vestmannaeyjum um hinar skaðvænlegu afleiðingar af því, að hafa net til að veiða í lunda þar á eyjunum, leitaði dómsmálastjórnin álits yðar, herra stiptamtmaður, um það, hvort ríkið, sem eigandi allra jarðanna á Vestmannaeyjum, ekki mundi eiga með, eptir því hvernig komið er að orði í byggingarbréfum leiguliðanna, að banna þeim að hafa þá veiðiaðferð í frammi, er getur orðið þess olandi, að lundaveiðin, hlunnindi, sem fylgir jörðinni, rýrni að mun, og að byggja þeim út, ef þeir hlýða ekki banninu. Nú hafið þér, herra stiptamtmaður, látið það álit yðar í ljósi í bréfi dagsettu 19. febrúarmán. þ. á., að ákvarðanirnar í